

Ed.

223. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Afgreidd frá Ed. 26. mars).

1. gr.

Á meðan gengi á sterlingspundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni heimild til þess að innheimta alla tolla samkvæmt tollögum nr. 41, 1921, vörutoll, vitagjald og afgreiðslu skipa samkvæmt 54. gr. aukatekjulaganna með gengisviðauka að upphæð 25%, þannig að hver toll- eða gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast $\frac{1}{2}$ eyrir og stærra brot úr tolleiningu sem heill eyrir, en minna broti er slept. Hækkun þessi nær þó ekki til vörutolls af kornvörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.